

Fimmtudaginn 29. apríl 1993.

Nr. 63/1993.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Guðjóni Antonssyni

(Jón Magnússon hrl.).

Bifreiðar. Ölvun við akstur. Ökuleyfissvipting.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. janúar 1993 að ósk ákærða um áfrýjun málsins í heild. Ákærvaldið krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Fallast má á röksemdir héraðsdómara fyrir niðurstöðu sinni, og ber því að staðfesta héraðsdóminn.

Rétt er, að ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun málsins, svo sem nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Ákærði, Guðjón Antonsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Magnússonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Suðurlands 11. janúar 1993.

I.

Dómkröfur.

Mál þetta, sem dómtekið var 5. janúar sl., er höfðað hér fyrir héraðsdóminum með ákæruskjali, út gefnu 11. september 1992, á hendur Guðjóni Antonssyni, kt. 021144-7119, bónda, Skeggjastöðum, Vestur-Landeyjahreppi. Málið sætti aðalmeðferð og munnlegum málf lutningi, sbr. 3. mgr. 129. gr. laga nr. 19/1991.

Dómkröfur ákærvalds eru þær, að ákærði verði sakfelldur fyrir það brot, sem honum er gefið að sök í ákæru, þ. e. fyrir að aka þriðjudaginn

21. apríl 1992 undir áhrifum áfengis bifreiðinni X-1698 um Fíflholtsveg og inn á Landeyjaveg, þar til lögregla stöðvaði aksturinn á Landeyjavegi skammt sunnan við bæinn Strönd. Brot þetta varði við 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Sé þess krafist, að ákærða verði dæmd refsing fyrir brot þetta og til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101. og 102. gr. nefndra umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talinna málsóknarlauna í ríkissjóð.

— — —

II.

Málsatvik.

Ákærði neitar sök í málinu. Málsatvikum verður þannig lýst, að þriðjudaginn 21. apríl 1992 ók ákærði bifreiðinni X-1698 um Fíflholtsveg og inn á Landeyjaveg, en þar stöðvaði lögreglan á Hvolsvelli akstur ákærða og færði hann á lögreglustöðina vegna grunar um ölvun við akstur. Við lögreglurannsókn kvaðst ákærði ekki hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn, þar sem hann hefði ekki smakkað áfengi fyrir um morguninn, en af sakargögnum má ráða, að lögreglumenn hafi stöðvað aksturinn laust eftir klukkan átta um kvöldið. Hann tjáði löggæslumönnum, að hann hefði verið við áfengisneyslu fram á nótt og því verið svefnlaus og þreyttur. Að beiðni lögreglu og í þágu rannsóknar málsins var læknir fenginn til að draga blóð úr ákærða, og reyndist samkvæmt vottorði frá rannsóknarstofu Háskólans í lyfjafræði magn alkóhóls í blóðsýninu vera 2,14‰.

Ákærði kveðst ekki vera sáttur við fyrirbyggjandi niðurstöðu um alkóhólmagn. Hann ítrekaði, að kvöldið áður hefði hann fengið sér í glas og hætt vındrykkju um nóttina, og taldi ákærði trúlegt, að klukkan hefði þá verið að ganga tvö. Ekki var ákærði öruggur um, hve mikils magns af áfengi hann hefði neytt, en sagði í því sambandi, að hér hefði verið um axlafulla vodkaflösku að ræða, sem hefði ekki verið alveg tóm eftir neyslu sína og kunningja síns. Um morguninn hafi hann gengið til bústarfa og síðar um daginn þurft að reka erindi í nálægum bæ. Hann hafi ekki snert bifreiðina, fyrir en hann var öruggur um, að hann gæti ekið henni, og þó að hann teldi, að ekki hefði verið rangt eftir sér haft í lögregluskýrslu, þar sem fram kemur og eftir sér haft í framburðarskýrslu, að hann hefði smakkað áfengi um morguninn, þá hafi hann, eftir að skýrslan var gerð, hugsað þetta nánar og komist að þeirri niðurstöðu, að hann hafi ekki neytt áfengis þennan umrædda dag.

Lögreglumennirnir Guðjón Einarsson og Gils Jóhannsson, er önnuðust frumrannsókn málsins, hafa komið fyrir dóminn. Bæði þessi vitni bera, að ákærði hafi verið ölvaður við aksturinn.

Vitnið Guðjón segir, að þeir Gils hafi verið sammála um, að ekki hafi

verið hættulaust, að ákærði æki bifreiðinni í því ástandi, sem hann hafi þá verið í. Ákærði hafi verið undir áhrifum áfengis, það hafi komið fram á mæli hans, og áfengisþefur af honum fundist. Ákærði hafi borið öll ein-kenni þess að vera undir áhrifum áfengis, bæði í útliti og göngulagi. Vitnið staðfesti, að það hefði verið læknir, sem hefði dregið blóð úr ákærða. Blóð-sýnið hefði verið meðhöndlað á venjubundinn hátt, það merkt og tölusett og sett í umslag og geymt í kæli. Vitnið staðfesti skýrslugerð sína í málinu.

Vitnið Gils sagði ákærða hafa verið allölvaðan og borið merki ölvunar. Vitnið staðfesti, að frumskýrslur í málinu væru réttar.

III.

Niðurstaða.

Málsvörn er reist á því, að niðurstaða alkóhólrannsóknar sé röng, þar sem óhugsandi sé, að ákærði hafi verið svo ölvaður sem hún bendir til. Þessi málsvörn stenst ekki.

Hvorki er sannað né hefur verið gert sennilegt, að mistök hafi orðið við töku, meðferð eða rannsókn á blóðsýni úr ákærða, en það sýndi 2,14% alkóhól í blóði.

Með niðurstöðu alkóhólrannsóknar og vætti lögreglumannanna Guðjóns Einarssonar og Gils Jóhannssonar telst sannað, að ákærði hafi að kvöldi þriðjudagsins 21. apríl ekið bifreiðinni X-1698 undir áhrifum áfengis eftir Fíflholtsvegi, eins og nánar greinir í ákæruskjali, en þar telst háttsemi ákærða vera rétt lýst og hún þar færð til rétttra refsilagaákvæða. Þótt í ákæru skorti tilgreiningu um, að aksturinn hafi farið fram að kvöldi til, veldur sá ágalli því ekki, að refsingu verði eigi við komið í málinu, sbr. 117. gr. laga 19/1991.

IV.

Refsing.

Ákærði er sakhæfur, en hann er fæddur 2. nóvember 1944, og hefur samkvæmt vottorði frá Sakaskrá ríkisins sætt refsingum sem hér segir:

[Ákærði sætti 1983 refsidómi fyrir ölvunarakstur og var sviptur ökuleyfi eitt ár. Árið 1983 var hann dæmdur fyrir sams konar brot og sviptur leyfinu ævilangt. Honum var veitt ökuleyfi að nýju 1986, en 1989 var hann enn dæmdur fyrir ölvunarakstur og sviptur leyfinu þrjú ár.]

Með hliðsjón af sakaverli ákærða og með vísan til 1. mgr. 100. gr. laga nr. 50/1987 verður refsing ákærða, Guðjóns Antonssonar, ákveðin 30 daga varðhald.

Samkvæmt kröfu ákæruvalds og með vísan til 101. og 102. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 ber að svipta ákærða ökuleyfi sínu.

Ákærði verður sviptur ökuleyfi sínu ævilangt, með því að hér er um

að ræða ítrekað brot ákærða, þriðja sinni á 1., sbr. 3. mgr. 45. gr. laganna, en 2., sbr. 4. mgr. 25. gr. eldri umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. dómsátt frá 30. mars 1982, og dóm frá 27. september 1983, svarar efnislega til 1., sbr. 3. mgr. 45. gr. núgildandi laga.

Í samræmi við 1. mgr. 165. gr. laga nr. 19/1991 ber ákærða að greiða allan sakarkostnað máls þessa, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 35.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Ólafs Björnssonar hdl., 35.000 krónur. Samkvæmt 1. mgr. 28. og 2. mgr. 29. gr. laga 19/1991, sbr. XIV. kafla sömu laga, fór lögreglustjórinn á Hvolsvelli með saksókn í máli þessu, og flutti Þórir Haraldsson, fulltrúi hans, málið hér fyrir dóminum.

Jón Ragnar Þorsteinsson héraðsdómari, sem fékk mál þetta til meðferðar 1. október sl., dæmir mál þetta, en fyrirkalli í málinu varð eigi við komið fyrr en 25. nóvember sl.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Guðjón Antonsson, sæti varðhaldi 30 daga og er sviptur ökuleyfi sínu ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað máls þessa, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 35.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ólafs Björnssonar hdl., 35.000 krónur.